

Jólamarkaður, jólaljós og kertafleyting Laugarvatni, 26. nóvember

Við í Laugardal undirbúum jólin og bjóðum öllum að heimsækja okkur á Laugarvatn 26. nóvember. Þá kveikjum við á jólaljósum og höldum jólamarkað.

Dagskrá:

Bláskógaskóli

Kl. 13.30 Ávarp

Söngkór Miðdalskirkju ásamt viðstöddum syngja jólalög

Kl. 14:00 Jólamarkaður kvenfélagsins

Kaffisala – kakó – vöffur með rjóma

Laugarvatn Fontana

Kl. 15:30 Tveir fyrir einn í Fontana

Bjarnalundur

Kl. 17:00 Kveikt á jólaljósum

Sungin jólalög

Við vatnið

Kl. 17:30 Kertafleyting – aðventustemning

Laugarvatn Fontana býður heitt súkkulaði með rjóma og piparkökur

Við hvetjum alla Laugdælinga til að skreyta húsin sín fyrir 26. nóvember og njóta aðventunnar.

Kvenfélag Laugdæla



Jólakortamyndatökur 2016

22.000 kr

Innifalið:


5 fullunnar myndir í lit og svarthvítu, tilbúnar til framköllunar

- Persónuleg hönnun á jólakorti

- Myndatakan getur bæði farið fram

í stúdíói eða úti í náttúrunni

Tilvalið í pakkann til ömmu og afa



Ivar Sæland - S:863-5231 - www.ivalsaeland.is - ivar@ivalsaeland.is



15. árgangur 10. tbl. nóvember 2016.

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
Á.b.m: Valtýr Valtýsson



Ágætu sveitungar.

Á næstunni mun hvert heimili í Bláskógabyggð fá senda nýja flokkunartunnu.

Tunnan er með grænu loki og er ætluð fyrir plastúrgang frá heimilum.

Í bæklingi, sem kemur í pósti, er hægt að lesa sér til um hvernig á að flokka í tunnurnar ásamt öðrum gagnlegum fróðleik.

Björgunarsveitirnar munu sjá um dreifingu á tunnunum og verða með Neyðarkallinn til sölu.

Þá er ég viss um að björgunarsveitastrákarnir myndu gjarnan losa ykkur við gler og dósir í leiðinni.



Oddvitapistill

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur hafa ákveðið að auglýsa saman eftir áhugasömum aðilum sem hug hafa á því að koma upp ljósleiðaratenginu í sveitarfélögunum. Búið er að frumhanna lagningu ljósleiðara í þessum þremur sveitarfélögum, Guðmundur Daníelsson sá um það verk en hann hefur komið að hönnun á ljósleiðaralagningum í mörgum sveitarfélögum. Nauðsynlegt er að auglýsa eftir áhugasömum aðilum áður en sveitarfélög fara af stað með þess háttar verkefni þar sem slíkt er í samræmi við ríkisstyrkjareglu EES. Í Uppsveitum eru fjölmargir tengistaðir og mikil uppbygging á mörgum sviðum því verður áhugavert að sjá viðbrögð fjarskiptafélaga við þessari auglýsingu.

Í ljósi þess að raki og mygla greindist í húsnæði leikskólans Álfaborgar í Reykholti í sumar skipaði sveitarstjórn vinnuhóp. Vinnuhópurinn fékk það hlutverk að fara yfir þá stöðu sem komin var upp og skoða húsnæðisþörf leikskólans til framtíðar. Vinnuhópurinn skilaði niðurstöðum til sveitarstjórnar sem tók málið fyrir á fundi sínum 6. október sl. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að fá ráðgjafa til að vinna frummat á uppbyggingu leikskólahúsnæðis fyrir Álfaborg. Þá samþykkti sveitarstjórn að starfsemi skólans fari ekki aftur inni fyrra húsnæði leikskólans. Eins og fram hefur komið flutti starfsemi Álfaborgar inn í húsnæði grunnskólans þegar rakinn og mygla komu í ljós. Starfsemi leikskólans verður því inni í grunnskólanum þangað til uppbyggingu nýs leikskólahúsnæðis lýkur.

Ef við höldum okkur enn við Leikskólann Álfaborg þá átti hann 30 ára afmæli 27. október sl. Leikskólinn var stofnaður í Sumarbúðunum í Skálholti í október 1986. Foreldrar sáu fyrst um sinn um reksturinn en árið 1990 tók Biskupstugnahreppur við rekstrinum. Til að halda upp á afmælið var boðað til styrktarkvölds í Aratungu þar sem afmælinu var fagnað og safnað fyrir leikföngum og kennsluáhöldum fyrir leikskólann. Foreldrafélag skólans og Kvenfélag Biskupstungna tóku höndum saman og skipulögðu vel heppnað kvöld þar sem hæfileikaríkt fólk úr sveitinni kom fram.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Höfum aðstöðu fyrir hvern þann sem hefur áhuga á að bjóða uppá nudd, fóttaðgerðir, naglasnyrtingar og þessháttar þjónustu.

Nú er bowentæknir og nuddari til staðar og yrði aðstaðan í boði í samráði við hann varðandi tímasetningar.

Nánari uppl gefur Pétur í síma 480 3040.



Rúlluplast

Rúlluplast verður tekið hjá þeim bændum sem vilja **í desember** Vinsamlegast látið vita á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-3000 eða í tölvupósti á gudrunh@blaskogabyggd.is. Einnig er hægt að hafa fasta mánuði hjá þeim bændum sem það vilja. Komudagar rúlluplastsbíls verða auglýstir í Bláskógafirrtum og á heimasíðu Bláskógabyggðar <http://www.blaskogabyggd.is/> Ef bændur vilja fá senda tilkynningu um komudaga í tölvupósti vinsamlegast látið vita.



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Vetraropnunartími

15. ágúst – 26. maí

Mánudaga 14:00-18:00.

Þriðjudaga 14:00-22:00

Miðvikudaga 14:00-18:00.

Fimmtudaga 14:00-22:00..

Föstudaga lokað.

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga lokað.

KV Starfsmenn.

Sveitarfélögin sem standa að Skipulags- og byggingafulltrúaembættinu létu gera óháða öryggisskoðun á sérvöldum vegum í sveitarfélögum. Til verksins var fenginn Ólafur Guðmundsson sem starfar sem tæknistjóri hjá EuroRAP á Íslandi. Niðurstöður Ólafs eru sláandi en mikið vantar uppá að viðhald vega á svæðinu sé viðunandi og að frágangur sé eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Það sem m.a. kemur fram í skýrslunni er að yfirborðsmerkingum á vegum er ábótavant, brotið er úr köntum, sig í vegum, vegir mjóir, of margar einbreiðar brýr og skilti og merkingar eru ekki eins og reglur gera ráð fyrir. Í skýrslunni kemur einnig fram hve umferð hefur aukist mikið á svæðinu og sem dæmi má nefna að vetrarumferðin á milli Gullfoss og Geysis jókst um 185% á milli árána 2011 og 2015. Ljóst er að mikið fjármagn vantar til að viðhald vega sé nægjanlegt og að eðlilegar nýframkvæmdir eigi sér stað. Sú mikla umferð sem fer um svæðið hvern einasta dag hlýtur að kalla á meira fjármagn frá ríkinu til þessa málaflökks. Sumir vegir á svæðinu eru í því ástandi að bregðast verður við áður en í algjört óefni er komið. Skýrsla Ólafs um ástand vega á svæðinu mun styrkja málflytning sveitarfélaganna gagnvart ríkinu um nauðsyn þess að setja aukið fjármagn til samgöngumála.

Nóg í bili.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Gunnar Sverrisson er starfsmaður gámastöðva á Heiðarbæ, Lindarskóga og Vegholts. Síminn hjá honum er 860-6609

Óskum eftir leiguíbúð

Óskum eftir íbúð á leigu í Reykholti eða nágrenni
Upplýsingar í síma 847 6138

Astrid
Jarðarberjalandi

Kæru sveitungar

Gallerý Rós tekur við pöntunum á ullarvörum og öðrum tækifærisgjöfum allt árið. Síminn hjá okkur er 4868946/8659300.

Leiðsla

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

26. NÓVEMBER KL 18:00
SALNUM, KÓPAVOGI

EGILL ÁRNI PÁLSSON
TENOR
KRISTINN ÖRN KRISTINSSON
PIANÓ

ÁSAMT FJÖLDA GÓÐRA GESTA

Miðasala á Karolinafund.com og Salurinn.is




Kveðjuhóf til heiðurs læknumum Gylfa og Pétri 30. nóvember í Aratungu.

Læknarnir okkar í uppsveitunum Árnessýslu til meira en 30 ára, þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson eru að láta af störfum um þessar mundir. Þeir hafa verið einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að heilsufari íbúanna með miklum sóma. Það má því ekki minna vera en þeir verði heiðraðir með kveðjuhófi.

Hófið verður haldið miðvikudaginn 30. nóvember í Aratungu með fjölbreyttri dagskrá og kaffiveitingum og hefst það kl 19:00

Veislustjóri verður Halldór Páll Halldórsson rektor Menntaskólans á Laugarvatni

Við vonumst til að íbúar í læknishéraðinu sjái sér fært að mæta.



Undirbúningsnefndin

Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opið frá kl 8:30 á morgnana

til kl 16:30 virka daga

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU 432 2000

Sími Neyðarlínu 112



Getraunanúmer UMF. Bisk. er
803

Styðjum okkar félag þegar við
tökum þátt í getraunum.



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Heilsulind frá landnámi



Bókasafnið í Reykholtskóla er opið

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 17-19.

Hvað er betra en að lesa góða bók í
myrkri skammdegisins?

Kíkið við og kynnið heillandi hugarheimi
bókanna.

Athugið að einnig er hægt er að skila
bókum á opnunartíma skólans.



- Lífið heil

Lyfja-útibú Laugarási

Breyttur opnunartími

frá 1. febrúar 2016

kl 10 - 16.30 mánudaga –

fimmtudaga og

kl 10-13 á föstudögum

Stöndum vörð um þjónustu í

Uppsveitum

Verslum í heimabyggð!



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Jólamarkaður – söluborð

Jólamarkaður verður í Bláskógaskóla á Laugarvatni 26. nóvember. Öllum er velkomið að vera með sölubás en panta þarf borð hjá Karólínu fyrir 20. nóvember á netfangið karolina@sporthusid.is

Lítið borð kr. 1500.-
Stórt borð kr. 2000.-



Kvenfélag Laugdæla

TAXI er á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahn. og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224



Bókasafn Menntaskólans að Laugarvatni er opið sem hér segir:

Mánudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Þriðjudaga 10.30-12.15 og 13.00-17.00

Miðvikudaga 13.00-18.00

Fimmtudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Lestímar menntaskólanema mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.00-18.00

Bókasafnstímar í Bláskógaskóla þriðjudaga frá kl. 09.00-10.30



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í desember 2016. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. desember 2016.

Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Tilkynning til þeirra sem eiga eignir á Gámasvæðum Bláskógabyggðar. „Vegna endurskipulagningar eru þeir sem eiga eignir á gámasvæðunum vinsamlegast beðnir um að ná í þær. Að öðrum kosti verður þær fjarlægðar.“

Gunnar Sverrisson s. 861-1914

Bjarni Daníelsson s. 860-4440

Bowentækni meðferð

Við bjóðum upp á Bowen í Reykholti.

Bowen er mjúk heildræn meðhöndlun á vefjum, aðallega bandvef.

Meðferðin örvar líkamann og hefur þau áhrif að hann virkjar heilunarmátt líkamans til þess að lækna sig sjálfur. Nánari upplýsingar má finna á bowen.is
Nils Bowentæknir vinnur á þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsinu í Reykholti. Tímapantanir í síma 897-6944.

Regína Rósa Bowentæknir. Tímapantanir eftir samkomulagi í síma 661-0053 .



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Águst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com
Hrosshagi - 801 Selfoss

NUDD Í REYKHOLTI.

Ertu með sára og auma vöðva? Vöðvabólgu? Festur í liðum? Eða langar bara í smá dekur?

Hafðu þá samband í síma: 892-5991

Íris Svavarsdóttir nuddari.

Bingó!

Kvenfélag Laugdæla heldur sitt árlega bingó miðvikudagskvöldið 16. nóvember í matsal Menntaskólans að Laugarvatni. Fjöldi glæsilegra vinninga! Posi á staðnum. Ágóðinn rennur til líknarmála. Fjórði bekkur ML verður með sjoppuna opna. Bingóið byrjar kl. 20:00 og eru allir hjartanlega velkomnir.



Góðir sveitungar.

Starfsfólk Aratungu biður þann, sem fengið hefur að láni 10 lítra pott úr eldhúsinu Aratungu, að koma honum til skila.

Með von um góð viðbrögð.
Starfsfólk Aratungu.



Trjákurli

„Á gámasvæðinu í Reykholti er urmull af kurli sem allir mega ganga í, sér að kostnaðarlausu.

Tilvalið í gangstíga, moltugerð eða hvað sem þér dettur í hug.“

Snyrting á Tjörn

Snyrtifræðingurinn Harpa Gunnarsdóttir býður upp á snyrtingar helgina 11. – 13. nóvember heima á Tjörn
í boði er: litun, plokkun, vaxmeðferðir, handsnyrting, fót snyrting, andlitsbað, húðhreinsun
Upplýsingar og tímapantanir í síma 8696854